

Nr. 24.
16.
nóvbr.

Lög

um

varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 14. gr. í lögum 16. nóvember 1907 um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma höfum látið semja texta síðarnefndra laga með þeim breytingum, sem nefnd lög 16. nóvember 1907 innihalda, og gefum hann hjermeð út sem.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

1. gr.

Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og stjórnarráðsins, sjá um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þeirra, er yfirvöld skulu verja almenning. Fari svo, að hlutaðeigandi læknir geti eigi leyst það starf af hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal stjórnarráðið sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita læknum hjálp til að koma fram ráðstöfunum þeim til varnar útbreiðslu sjúkdómsins, er nauðsynlegar eru og hægt er að koma við eptir atvikum og ástæðum á hverjum stað.

Þá er mikil hættu vofir yfir, skal landlæknir sjálfur fara þangað, sem sjúkdómurinn gengur, og líta eptir, hvort gerðar sjeu þær ráðstafanir, er þörf er á.

2. gr.

Ætíð skulu yfirvöld verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: kóleru, gulri hitasótt (febris flava), útbrotataugaveiki (typhus exanthematicus), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og pest (pestitis orientalis).

Nr. 24. Lög 16. nóvember um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Lov

om

Nr. 24.
16.
Novbr.

Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: At Vi i Henhold til Lov af 16de November 1907 om Forandringer i Lov om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme af 31te Januar 1896 have ladet affatte Teksten af sidstnævnte Lov ændret saaledes, som ovennævnte Lov af 16de November 1907 medfører det og herved udfærdige den som

Lov om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme
Sygdomme.

§ 1.

Ledelsen af Foranstaltninger mod Udbredelsen af smitsomme Sygdomme, der ere Genstand for offentlig Behandling, paahviler Distriktslægerne og Ekstralægerne, hver i sit Distrikt under Overtilsyn af Landfysikus og Ministeriet. Kan vedkommende Læge i noget Tilfælde ikke overkomme, hvad der efter nærværende Lov paahviler ham, har Ministeriet at drage Omsorg for, at der til Medhjælp for ham antages een eller flere Læger.

Sysselmand, Byfogder, Repstyrere saavelsom de kommunale Styrelser og de til enhver Tid bestaaende Sundhedskommissioner ere pligtige til at bistaa Lægen ved Gennemførelsen af de fornødne og efter de stedlige Forhold mulige Foranstaltninger til Sygdommens Bekæmpelse.

I særdeles farlige Tilfælde skal Landfysikus ved personlig Undersøgelse paa det af Sygdommen hjemsøgte Omraade overbevise sig om, at Foranstaltninger mod Sygdommen træffes i fornødent Omfang.

§ 2.

Følgende Sygdomme skulle altid være Genstand for offentlig Behandling: asiatisk Kolera, gul Feber, eksantematisk Tyfus, Børnekopper, Mæslinger, Skarlagensfeber og Pest.

Nr. 24. Lov af 16. November om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme.

Nr. 24.
16.
nóvbr.

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur stjórnarráðið fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn þessum sjúkdómum: influenzu, barnaveiki (difteritis, kroup), kíghósta (pertussis), taugaveiki (febris typhoidea), hettusótt (parotitis epidemica) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess.

Eftir samráði við landlækni gefur stjórnarráðið út almennar reglur fyrir því, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þá er yfirvöld hafa sett varnir við þeim, og skal birta þær reglur í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnareglum. Heimilt er honum og að beita þeim til bráðabyrgða, þá er upp koma sjúkdómar þeir, er taldir eru í 2. lið sömu greinar, svo framarlega sem honum þykir þörf á því, enda gjöri hann almenningi ráðstafanir sínar kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

Nú hefur læknir tekið upp sóttvarnir samkvæmt lögum þessum; skal hann þá skýra stjórnarráðinu frá ráðstöfunum sínum svo fljótt, sem verða má, og senda hraðboða, ef brýna nauðsyn ber til. Kveður þá stjórnarráðið á um það, með samráði við landlækni, hverjum vörnum skuli beita gegn útbreiðslu sjúkdómsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi lækni, svo fljótt sem verða má; skal læknirinn þegar í stað gjöra þær ráðstafanir almenningi kunnar á hinn hagkvæmasta og tryggilegasta hátt á því svæði, sem þurfa þykir. Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 6. gr. laga 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Auglýsingunni má einnig sleppa, meðan vafasamt þykir, hvort sjúkdómurinn teljist til sjúkdóma þeirra, er yfirvöldunum er skylt að hafa varnir við.

Þá er almennum sóttvörnum er lokið, skal það einnig gert almenningi kunnugt.

Nú hagar mislingasótt eða skarlatssótt sjer þannig, að sýkin verður að áliti landlæknis ekki talin skæð, og hefur náð svo mikilli útbreiðslu, að lítil líkindi eru til, að hept verði með sóttvörnum á þann hátt, sem lög þessi fyrirskipa, og er þá stjórnarráðinu heimilt með samþykki landlæknis að láta hætta þeim.

3. gr.

Þá er ástæða er til að ætla, að maður hafi dáíð úr einhverjum þeim sjúkdómi, er talinn er í 1. lið 2. gr., getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu og jafnvel skera það upp, ef lækninum virðist þörf á því til þess að geta ákveðið, hvort yfirvöld skuli setja sóttvarnir.

4. gr.

Farþegjaskip má eigi nota til að flytja sjúklinga, er þjást af sjúkdómum, sem yfirvöldum er skylt að setja sóttvarnir við, nje þá, er hafa barnaveiki eða taugaveiki, nema fylgt sje þeim fyrirmælum, er skipum þeim ber að fara eftir við slíkan flutning.

5. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einhver af þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 2. gr. 1. eða 2. lið, og skal þá hús-
Nr. 24. Lög 16. nóvember um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Naar Landfysikus anser det for nødvendigt, kan Ministeriet ogsaa foreskrive offentlig Behandling for Influenza, Difteritis, Krup, Kighoste (pertussis), tyfoïd Feber, Faaresyge (parotitis epidemica) og Dysenteri, naar disse Sygdomme optræde paa en ondartet Maade eller med en større Udbredelse eller i øvrigt under Forhold, der give særlig Anledning til offentlig Behandling.

Nr. 24.
16.
Novbr.

Efter Samraad med Landfysikus udgiver Ministeriet almindelige Regler for, hvilke Foranstaltninger der skulle træffes mod Udbredelsen af smitsomme Sygdomme, der ere tagne under offentlig Behandling, hvilke Regler skulle bekendtgøres i Regeringstidenden, Afdeling B.

Hver Gang en af de i denne Paragrafs 1ste Stykke nævnte Sygdomme opkommer, skal vedkommende Læge ufortøvet bringe de almindelige Regler om Foranstaltninger mod smitsomme Sygdommes Udbredelse til Udførelse. Han er ogsaa berettiget til, saafremt han finder det fornødent, foreløbig at bringe dem til Anvendelse, naar nogen af de i Paragraffens 2det Stykke anførte Sygdomme opkomme, og har han da at bringe sine Foranstaltninger til almindelig Kundskab paa den Maade, han anser nødvendig.

Naar en Læge har foranstaltet offentlig Behandling af en Sygdom i Overensstemmelse med denne Lov, har han snarest muligt, i paatrængende Tilfælde ved Ilbud, derom at gøre Indberetning til Ministeriet. Dette afgør da, efter Samraad med Landfysikus, hvilke Foranstaltninger der skulle træffes mod Sygdommens Udbredelse, og meddeler saa hurtigt som mulig vedkommende Læge Underretning herom. Lægen skal derefter straks paa den hensigtsmæssigste og mest betryggende Maade bringe de paagældende Foranstaltninger til almindelig Kundskab for det Omraade, hvor det anses nødvendigt. Dog kan offentlig Bekendtgørelse undlades, saalænge Talen kun er om Personer, der ere tagne under Behandling i de i Lov om Foranstaltninger mod smitsomme Sygdommes Indførelse til Island af 6te November 1902 § 6 omhandlede Lokaler. Bekendtgørelsen kan ogsaa undlades, saalænge det anses for tvivlsomt, om Sygdommen hører til dem, som altid skulle være Genstand for offentlig Behandling.

Naar den offentlige Behandling ophører, udstedes herom ligeledes offentlig Bekendtgørelse.

Naar Mæslinger eller Skarlagensfeber optræder paa en saadan Maade, at Sygdommen efter Landfysikus Skøn ikke kan betragtes som ondartet, og den tilmed har faaet en saadan Udbredelse, at der er ringe Sandsynlighed for, at dens videre Udbredelse kan standses ved offentlig Behandling paa den i nærværende Lov foreskrevne Maade, er Ministeriet bemyndiget til med Landfysikus Samtykke at ophøre dermed.

§ 3.

Naar et Dødsfald gør det antageligt, at der foreligger et af de i § 2, 1ste Stykke omhandlede Sygdomstilfælde, kan vedkommende Politimester, saafremt det af Lægen anses fornødent til Afgørelse af Spørgsmaalet om, hvor vidt offentlig Behandling skal indtræde, paabyde, at Undersøgelse af enkelte Dele af Liget eller endogsaa Obduktion af samme skal finde Sted.

§ 4.

Det er forbudt til Befordring af Patienter, som lide af Sygdomme, der altid blive Genstand for offentlig Behandling, eller af Difteritis, Krup eller tyfoïd Feber, at benytte Passagerskibe, medmindre de for saadan Benyttelse af vedkommende foreskrevne Regler iagttages.

§ 5.

Naar der i en Husstand opkommer en Sygdom, med Hensyn til hvilken det anses for klart eller sandsynligt, at den er en af de i § 2, 1ste eller 2det Stykke Nr. 24. Lov af 16. November om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme.

Nr. 24.
16.
nóvbr. ráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Þó er húsráðanda heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra, hreppsnefndarmanni, sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfjelagi, en hann skal jafnskjótt láta lækni vita um sjúkdóminn. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi, eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá honum.

Verði einhver þess var, að eigi hefur verið skýrt frá slíku sjúkdómstillfelli, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður samkvæmt grein þessari að takast lengri ferð á hendur en 2 mílu alls fram og aptur, fær hann kostnaðinn endurgoldinn úr sveitarsjóði eptir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

6. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sje við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá lækni heimilt að láta flytja hann á almennt sjúkrahús, eða í eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og lækni að skipa svo fyrir, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstillfelli. Við flutning sjúklingsins skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess hætt sje við sóttnæmisútbreiðslu.

7. gr.

Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eptir tillögu læknis bannað öllum utanheimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ; einnig má banna öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili, hús eða bæi, og skal þá setja mann af öðru heimili til að líta daglega eptir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga. Banna má og að flytja af sýktu heimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Nú er bann sett, og skal þá auglýsa það á útidyrarhurð hins sýkta húss, eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er.

Ekki má flytja sjúkling frá heimili hans, þar sem hann er undir læknisumsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknisins.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri eptir tillögum læknis skipað fyrir, að afkvía skuli heila kaupstaði, kauptún og þorp eða hluta þeirra svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubann.

8. gr.

Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sóttþreinsun á bústöðum manna, húsum og bæjum, og lausum munum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 2. gr. 1. og 2. lið; nú gengur maður, eða er álitinn ganga, með Nr. 24. Lög 16. nóvember um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

nævnte Sygdomme, skal Husfaderen ufortøvet anmelde det til sin Læge. Dog kan han, hvis han foretrækker saadant, anmelde Sygdomstilfældet til Repstyreren, et Repsforstanderskabsmedlem, Sysselmanden eller Byfogden i vedkommende Reps- eller Købstadkommune, der derefter ufortøvet har at underrette Lægen om Sygdomstilfældet. Til Husstanden henregnes ogsaa tilrejsende, logerende og Pensionærer. For saadanne Personers Vedkommende, hvem der er anvist tvunget Ophold noget Sted, og ved Sygdomstilfælde, som opstaa i Sygehuse, Skoler og lignende Anstalter, paahviler Anmeldelsespligten Bestyreren af eller Forstanderen for den paagældende Anstalt. Forefalder Sygdomstilfældet om Bord i et Skib eller blandt Besætningerne i Fiskelejerne i Fisketiden, paahviler Anmeldelsespligten vedkommende Skibs eller Baads Fører.

Nr. 24.
16.
Novbr.

Enhver, der bliver opmærksom paa, at et bestemt Tilfælde af Sygdommen ikke er anmeldt, paahviler det uopholdelig at gøre Anmeldelse derom som fornævnt.

Naar en Repstyrer eller et Repsforstanderskabsmedlem i Henhold til Bestemmelserne i nærværende Paragraf maa foretage en Rejse af over 2 Mil (Frem- og Tilbagerejsen medregnede), ville Rejseudgifterne være at godtgøre ham af Kommunens Kasse efter Regning, der approberes af Repsforstanderskabet.

§ 6.

Lægen kan paabyde, at en Patient, som ikke kan isoleres saaledes i sin Bolig, at Smitte kan forebygges, skal indlægges i et offentligt Sygehus eller i et andet dertil passende Lokale, der maatte have til Raadighed, og hvor han, mod at der ydes ham behørigt Lægetilsyn og Forplejning, er pligtig til at forblive, indtil han uden Fare kan flyttes. Saadant Forbud kan ogsaa gives til Iagttagelse af tvivlsomme Sygdomstilfælde. Ved Flytning bør det paases, at denne sker paa den for Patienten omhyggeligste Maade, som er forenelig med Hensynet til at forebygge Smitte.

§ 7.

Dersom Flytning af Patienten ikke sker, kan Politimesteren eller Repstyreren efter Lægens Anmodning formene enhver, der ikke hører til den paagældende Husstand, Adgang til den paagældende Beboelseslejlighed, Hus eller Gaard; ligeledes kan det forbydes enhver, der hører til den paagældende Husstand, at besøge andres Hjem, Hus eller Gaarde, og i saa Fald skal en Mand fra et andet Hjem ansættes til at føre et dagligt Tilsyn med det sygdomsbefængte Hjem og til at besørge den fornødne Tilførsel. Det kan ogsaa forbydes fra det sygdomsbefængte Hjem at føre Levnedsmidler, navnlig Mælk og Mælkeprodukter.

Naar et saadant Forbud er nedlagt, skal det bekendtgøres ved Opslag paa Indgangsdøren til det sygdomsbefængte Hus eller, naar Talen er om en Gaard, paa dennes Forside tæt ved Indgangsdøren.

Patienten maa ikke uden skriftligt Samtykke fra Lægen flyttes fra den Bolig, hvor han er tagen under Behandling.

Afspærring af en hel By eller Bydel eller et andet større Distrikt kan efter Indstilling af Lægen i særdeles farlige Tilfælde paabydes af Politimesteren, der da har at træffe de fornødne Foranstaltninger til Afspærringens Iværksættelse.

§ 8.

Lægen kan paabyde Desinfektion af menneskelige Boliger, Huse og Gaarde, samt af rørige Genstande paa det Sted, hvor en af de i § 2, 1ste og 2det Stykke omhandlede Sygdomme er optraadt; den, der er eller antages at være angreben af en

Nr. 24. Lov af 16. November om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme.

Nr. 24. einhvern af þessum sjúkdómum eða hefur átt mök við sjúklinga, svo að hætt er við, að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sóttthreinsun með sig og muni sína, ef lækni telur nauðsyn á.

16.
nóvbr.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur lækni rínn látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Til að hafa sóttthreinsanir á hendi skal lækni ráða sóttthreinsunarmann, karl eða konu, einn eða fleiri í hverjum hreppi hjeradsins. Hann veitir sóttthreinsunarmanni þessum næga tilsögn í sóttthreinsun og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sóttthreinsun, er hann leysir af hendi eptir fyrirsögn læknis.

Nú fær lækni engan hæfan mann til að taka að sjer sóttthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns, en sýslumanni er heimilt að skipa eptir tillögum læknis hvern þann innanhreppsman, er honum sýnist, á aldrinum frá 25—50 ára, til þess að hafa sóttthreinsun á hendi í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sóttthreinsunarmaður, þykist eigi geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur stjórnarráðið leyst hann frá því að gegna þessum starfa, telji það ástæður hans á rökum byggðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sóttthreinsun, ákveður stjórnarráðið borgunina.

Kostnaður við allar sóttthreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almannafje; þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sóttthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst, og sóttthreinsunarmaður þarf með og heimtar; þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eptir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sóttthreinsunar þurfa.

Stjórnarráðið sjer um, að ætíð sje á kostnað landsjóðs fyrirleggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlækni álitur þörf á því vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar byrgðir af efnum þeim, er þurfa til sóttthreinsunar, og skal þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Nú hefur Sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, gjört vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá ekki koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sótnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefa skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki eða taugaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa gætt, þótt yfirvöld hafi ekki sett varnir við sjúkdómnum. Nú gjörir einhver sá sjúkdómur, er nefndur er í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kennslu í skólanum, þangað til lækni hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út. Sama er og um hvern anna næman sjúkdóm, ef yfirvöld hafa sett varnir við honum.

10. gr.

Í sveitum og bæjum, þar sem sjúkdómurinn gengur, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, ef lækni fer fram á það, skipað, að loka skulu skólum (almennum eða einstakra manna), og bannað almenna mannfundi, opinberar skemmtisamkomur og aðrar samkomur (dansleiki, brúðkaupsveizlur og þessháttar), þar sem Nr. 24. Lög 16. nóvember um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

saadan Sygdom, eller har været i en saadan Berøring med den, at han befrygtes at Nr. 24.
være smitteførende, er pligtig til at underkaste sig selv og sine Ejendele Desinfektion, ^{16.}
naar Lægen anser det nødvendigt. ^{Novbr.}

Hvor Desinfektion af rørlige Genstande skønnes at være forbunden med for store Ulemper, kunne disse af Lægen foranstaltes opbrændte eller paa anden Maade tilintetgjorte, mod at der ydes Ejernes Erstatning.

Til Foretagelsen af Desinfektioner antager Lægen i hver af Distriktets Repper en eller flere Mands- eller Kvindepersoner, hvem han i saa Henseende meddeler fornøden Instruktion og træffer Aftale om bestemt Betaling for hver efter hans Forskrift udført Desinfektion.

Hvis Lægen ikke kan faa nogen dertil skikket Person til at paatage sig Desinfektioner mod en passende Betaling, kan han herom henvende sig til Sysselmanden, der er bemyndiget til efter Lægens Indstilling at beskikke enhver inden for Reppen boende Person i Alderen 25—30 Aar, han finder for godt, til i et Tidsrum af 3 Aar ad Gangen at udføre de omhandlede Desinfektioner. Hvis den beskikkede af Sundhedshensyn eller af andre Grunde ikke tror sig i Stand til at udføre dette Hverv, kan Ministeriet fritage ham derfor, naar det finder hans Vægning begrundet. Opnaas der ikke Enighed om en passende Betaling for Desinfektionerne, fastsættes den af Ministeriet.

Omkostningerne ved alle Desinfektioner efter denne Paragraf betales af det offentlige; det paahviler dog alle til den paagældende Husstand hørende Personer vederlagsfrit at yde den, der foretager Desinfektionen, den Bistand ved sammes Udførelse, de ved deres Arbejde ere i Stand til, naar det behøves og forlanges af den desinficerende; de ere ogsaa pligtige til uden Vederlag at stille varmt og koldt Vand til Raadighed, ligeledes Brændsel og Sæbe efter Behov, derimod ikke andre til Desinfektionen fornødne Materialier.

Ministeriet drager Omsorg for, at en tilstrækkelig Mængde Desinfektionsstoffer til enhver Tid paa Landskassens Bekostning forefindes saavel paa Apotekerne, som hos Lægerne, for saa vidt Landfysikus paa Grund af Afstanden fra nærmeste Apotek anser det for nødvendigt, til gratis Udlevering, naar denne Lovs Bestemmelser kræve deres Anvendelse.

§ 9.

Naar en Sygdom, der er Genstand for offentlig Behandling, har vist sig i en Husstand, maa de til samme hørende skolesøgende Børn ikke benytte Skolen, før de medbringe Attest fra Lægen for, at de ikke kunne antages at udbrede Smitte. Attesten udfærdiges uden Betaling. Det samme gælder om Børn fra de Hjem, hvor Difteritis, Krup eller tyfoid Feber har vist sig, selv om offentlig Behandling ikke af Myndighederne er bleven paabudt. Forekommer nogen af de i § 2, 1ste Stykke omhandlede Sygdomme, eller Difteritis, Krup eller tyfoid Feber i en Lærers Husstand, skal han afholde sig fra Skoleundervisningen, indtil han erholder Lægeattest for, at han ikke kan antages at medføre Smitte. Det samme gælder om enhver anden smitsom Sygdom, der er tagen under offentlig Behandling.

§ 10.

I de Kommuner, i hvilke Sygdommen optræder, samt i Nabokommunerne kan Politimesteren eller Repstyreren efter Lægens Anmodning paabyde Lukning af Skoler (offentlige eller private) og forbyde offentlige Møder, offentlige Forlystelser og andre Sammenkomster (Dans, Bryllupsgilder o. desl.), ved hvilke mange Personer samles i Nr. 24. Lov af 16. November om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme.

Nr. 24. margir koma saman í sama húsi. Einnig má banna messur og líkfylgdir. Ráðstafanir
 16. þessar skal auglýsa á venjulegan hátt, og skal æðri yfirvöldum skýrt frá þeim, svo fljótt
 nóvbr. sem unnt er.

11. gr.

Þegar yfirvöld hafa sett varnir við næmum sjúkdómi samkvæmt lögum þessum, skal greiða lækni sömu borgun sem fyrir ferðir og störf í þarfir almennings, nema öðru vísi sje umsamið milli hans og hlutaðeigandi yfirvalds. Greiðist það af almanna fje.

Takist landlæknir ferð á hendur eptir lögum þessum, fær hann dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað úr landssjóði einsog fyrir aðrar eptirlitsferðir.

12. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gjörðar eru samkvæmt lögum þessum, skal greiða af almanna fje, ennfremur öll útgjöld til læknis, aðhjúkrunar sjúkra manna og til meðala í sjúkdómum, er yfirvöld hafa sett varnir við, og skal slík útgjöld aldrei telja fátækrastyrk. Þó skulu þeir, er fengið hafa læknishjálp, aðhjúkrun og meðöl í heimahúsum í slíkum tilfellum, endurborga þann kostnað, ef sveitarstjórn áltur þá til þess færa, og skal hann ella tekinn lögtaki.

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8. gr. laga þessara, skal læknir eða sóttthreinsunarmaður meta; skal hann semja lýsing á þeim munum, er lógað er, meta þá hvern um sig, og láta þessa matsgjörð fylgja sóttthreinsunarreikningnum. Bæði yfirvöld og hinir, er í hlut eiga, geta krafizt yfirmatsgjörðar, og meta þá 2 dómkvaddir menn. Fáí eigandi, er heimtað hefur yfirmat, eigi 10 % hærri skaðabætur, að minnsta kosti, eptir hinni síðari gjörð, en eptir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þennan greiða af almanna fje.

13. gr.

Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum, skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal greiða að öllu leyti úr landssjóði.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum, nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum.

Ef maður hefur einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, eða einhvern annan sjúkdóm, er yfirvöld hafa sett varnir við, eða maður hefur dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, láta húsráðanda eða skipstjóra vita um sjúkdóminn. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk hegningar þeirrar, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, greiða allan sóttthreinsunarkostnað, er leiðir af komu hans á heimilið eða skipið.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lög-
 reglumál.

Nr. 24. Lög 16. nóvember um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

samme Rum. Ligeledes kunne offentlige Gudstjenester, samt Ligfølger forbydes. Indberetning om den saaledes truffe Foranstaltning, der bliver at bekendtgøre paa sædvanlig Maade, sker snarest muligt til vedkommende overordnede Myndighed.

Nr. 24.
16.
Novbr.

§ 11.

Under den offentlige Behandling af en Sygdom i Henhold til denne Lov tilkommer der Lægen, for saa vidt der ikke ved Overtagelsen af Behandlingen er truffet anden særlig Aftale med vedkommende Myndighed, Betaling af det offentlige som for Rejser og Forretninger i offentlig Tjeneste.

Landfysikus tilkommer der for de Rejser, han foretager i Henhold til denne Lov, Diæter og Rejsegodtgørelse af Landskassen som for andre Embedsinspektionsrejser.

§ 12.

Det offentlige afholder i det hele alle de Udgifter, som flyde af Foranstaltninger i Medfør af denne Lov samt, uden at dette i noget Tilfælde betragtes som Fattighjælp, alle Udgifter til Lægebehandling og Sygepleje samt Forsyning med Medicin i Sygdomme, der ere tagne under offentlig Behandling. For saa vidt dette er ydet i Hjemmet, skulle dog de vedkommende, saafremt de efter den kommunale Styrelses Skøn ere i Stand dertil, refundere Udgiften, der i Mangel af Betaling inddrives ved Udpantning.

Størrelsen af den Erstatning, der tilkommer nogen i Medfør af denne Lovs § 8, fastsættes ved Taksation af Lægen eller den til Desinfektionen beskikkede; han har at affatte en Beskrivelse af de Genstande, der tilintetgøres, takser dem enkeltvis og lade den Taksation følge som Bilag med Desinfektionsregningen. Saavel det offentlige som vedkommende private kan forlange Overtaksation, der foretages af 2 af Retten udmeldte Mænd. Udgifterne ved Overtaksationen bæres af de private Ejere, naar de have forlangt Overtaksation og ved denne Forretning ikke have erholdt mindst 10 pCt. større Erstatning, end ved den første Forretning, i modsat Fald af det offentlige.

§ 13.

Forsaa vidt de Udgifter, der i Henhold til nærværende Lov paahvile det offentlige, ikke udredes af Kommunen (§ 5, 3die Stykke), betales de af Landskassen.

§ 14.

Overtrædelser af denne Lov eller af de i Medfør af samme givne almindelige eller særlige Paabud straffes, for saa vidt ikke højere Straf er forskyldt efter den almindelige Lovgivning, med Fængsel eller Bøder.

Den, der er angreben af en af de i § 2, 1ste Stykke omhandlede Sygdomme, eller af Difteritis, Krup eller tyfoid Feber, eller af nogen anden Sygdom, der er tagen under offentlig Behandling, saa vel som den, der har opholdt sig i et Hjem, hvor en saadan Sygdom forefindes, er pligtig til, naar han kommer til et andet Hjem, derunder indbefattet Skibe, at give Husfaderen eller Skibsføreren Meddelelse om Sygdommen. Hvis han forsømmer dette, skal han, foruden at ifalde Straf efter denne Paragrafs 1ste Stykke, betale alle Desinfektionsomkostninger, der bliver Følgen af hans Besøg i Hjemmet eller paa Skibet.

Sagerne behandles som offentlige Politisager.

Nr. 24.
16.
nóvbr.

15. gr.

Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu og viðaukalög við lög 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 13. septbr. 1901 eru úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 15.

Forordning angaaende Forholdsregler mod smitsomme Sygdomme hos Almuen af 17de April 1782 samt Lov om Tillæg til Lov 31te Januar 1896 om Foranstaltninger mod Udbredelse af smitsomme Sygdomme af 13de September 1901 ophæves.

Nr. 24.
16.
Novbr.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.